

**Atkvæðskýring Íslands við afgreiðslu neyðarfundar allsherjarþingsins á ályktun um aukna þátttöku Palestínu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna**

**Tíundi neyðarfundar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna  
49. fundur, 10. maí 2024**

*Upphaflega flutt á [ensku](#)*

Herra forseti,

Ísland og Palestína stofnuðu formlega til stjórnmalasambands árið 2011 í kjölfar ályktunar Alþingis um viðurkenningu Palestínu sem fullvalda ríkis. Síðan þá hefur afstaða Íslands til stöðu Palestínu sem ríkis verið skýr.

Ísland hefur stöðugt kallað eftir tveggja ríkja lausn þar sem bæði Ísrael og Palestína geti búið hlið við hlið í friði og öryggi, og njóti gagnkvæmrar viðurkenningar. Þess vegna styðjum við fulla aðild Palestínu að Sameinuðu þjóðunum og ákall um að öryggisráðið endurskoði afstöðu sína. Við skorum einnig á ráðið að grípa til frekari aðgerða til að uppfylla umboð sitt og vinna að því að endurvekja friðarferlið í Miðausturlöndum.

Af þessum ástæðum greiddum við atkvæði með ályktuninni í dag.

Herra forseti,

Rétt eins og Ísland hefur ávallt fordæmt hryðjuverkaárásir Hamas, sem greina ekki á milli hernaðarlegra og borgaralegra skotmarka, fordæmdum við afdráttarlaust hina hræðilegu árás á Ísrael þann 7. október. Við höldum áfram að kalla eftir tafarlausri og skilyrðislausri lausn allra gísla sem teknir voru haldi í banvænustu árás sem gerð hefur verið á gyðinga frá því í helförinni.

Árið 1947 átti fyrsti fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum stóran þátt í samþykkt ályktunar allsherjarþingsins nr. 181, sem kvað á um stofnun tveggja sjálfstæðra ríkja araba og gyðinga. Í kjölfarið, árið 1949, studdi Ísland aðild Ísrael að Sameinuðu þjóðunum.

Frá þeim tíma hefur Ísland ítrekað skýlausan rétt Ísrael til sjálfsvarna, í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðalög, þar á meðal alþjóðlegan mannúðarrétt.

Við viðurkennum lögmæta öryggishagsmuni Ísrael. Tilveruréttur Ísrael er ótvíræður. Við megum aldrei gleyma hryllingi helfararinnar, sem leiddi til stofnunar Ísraelsríkis, sérstaklega núna þegar við stöndum frammi fyrir gríðarlegri aukningu gyðingahaturs.

Við viðurkennum einnig óréttlæti ólöglegar landtöku Ísraels á Vesturbakkanum og í Austur-Jerúsalem, sem og ástandinu á Gaza - við köllum enn og aftur eftir því að Ísrael bindi endi á þær aðgerðir, og grípi til aðgerða til að koma í veg fyrir ofbeldi landnema. Eins verður frelsi fjölmiðla að vera virt.

Herra forseti,

Þegar allt kemur til alls fela alþjóðalög ríkjum heilög réttindi og heilagar skyldur, sem bæði ber að virða. Ísland ætlast til þess að ríkin tvö, Ísrael og Palestína, njóti í senn þessara réttinda og uppfylli sínar skyldur.

Undanfarna mánuði hefur heimurinn orðið vitni að því að aðgengi hefur verið hindrað fyrir mannúðaraðstoð og flutning vatns og eldsneytis til Gaza. Fregnir hafa borist um að borgaralegir innviðir og sjúkrahús hafi verið notuð í tilgangi sem getur svipt þau þeirri vernd sem þau njóta samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum. Og við höfum orðið vitni að algerlega ólíðandi mannfalli meðal óbreyttra borgara - barna, mannúðarliða og heilbrigðisstarfsfólks, blaðamanna og starfsfólks UNRWA. Allt eru þetta alvarleg brot á alþjóðlegum mannúðarlögum.

Tölurnar eru sláandi: Eftir sex mánaða átök hafa yfir 35 þúsund manns fallið á Gaza. Meira en tvær milljónir óbreyttra borgara þurfa sárlega á lífsnauðsynlegri aðstoð að halda og borgaralegir innviðir eru í rúst. Ljóst er að ástandið mun versna enn frekar ef kemur til landhernaðar Ísraelshers í Rafah. Við biðlum því til Ísraels um að láta af hernaðaraðgerðum í Rafah.

Ísland fordæmir öll brot á alþjóðalögum, þar á meðal alþjóðlegum mannúðarlögum. Sem fyrir segir veita alþjóðalög ríkjum bæði réttindi og skyldur. Hvort tveggja ber að virða.

Við verðum að endurvekja virðingu fyrir alþjóðalögum, þar á meðal mannúðarlögum, sem gilda um alla aðila að vopnuðum átökum og eru ófrávíkjanleg. Vernda verður óbreyttra borgara á Gaza, í samræmi við lagalega bindandi bráðabirgðaráðstafanir Alþjóðadómstólsins í Haag. Fylgja verður ályktunum öryggisráðsins nr. 2712 (2023), 2720 (2023) og 2748 (2024).

Herra forseti,

Í okkar tíð, hafa deilumál sem virtust algjörlega óyfyrstíganleg verið leyst. Ef horft er til þessa er von til þess að ríkin tvö geti lifað í friði, hlið við hlið.

Fólkið í Palestínu og Ísrael á skilið að lifa í friði og öryggi, við velsæld og lýðræði. Það á skilið að lifa án ótta við árásir eða hryðjuverk.

Við skorum því á Ísrael og Hamas að samþykkja og innleiða langvarandi vopnahlé og lofum alla viðleitni til að reyna að ná fram samkomulagi.

Ályktun dagsins í dag mun ekki breyta ástandinu á vettvangi strax, en í henni felst viðurkenning á að friði verði ekki náð einhliða. Ályktunin kallar eftir frekari aðgerðum og staðfestir að engin betri leið sé til friðar en tveggja ríkja lausn.

Með vísan til þessa, herra forseti, ætti Palestína að teljast uppfylla skilyrði fyrir aðild og vera fagnað sem 194. aðildarríki Sameinuðu þjóðanna.

Takk fyrir.